

Birtist í Morgunblaðinu, 5. maí 2003.

Skynsamleg útfærsla á byggðakvóta

Jón Steinsson

Byggðakvóti hefur verið talsvert í umræðunni nú í aðdraganda kosninga. Vinstri-grænir leggja til dæmis til að í nýju fiskveiðistjórnunarkerfi verði þriðjungur alls kvóta byggðatengur. Einstakir frambjóðendur annarra framboða hafa einnig talað fyrir tillögum af svipuðum toga. Slíkar tillögur virðast hafa mikinn hljómgrunn meðal kjósenda ef marka má þá áherslu sem þær hafa fengið í kosningabaráttunni.

Hefðbundinn byggðakvóti hefur hins vegar þann alvarlega ókost að ráðherra þarf að úthluta honum. Slíkri úthlutun fylgir oft alvarlegar ásakanir um hlutdrægni. Það sem meira er þá býður kerfi þar sem stjórnámálamenn taka ákvarðanir um úthlutun verðmætra réttinda þeirri hættu heim að ásakanir um hlutdrægni eigi við rök að styðjast.

Ef fyrningarleiðin yrði farin og fyrntar aflaheimildir yrðu seldar á uppboði væri unnt að tryggja hagsmuni minni byggðakjarna á mun skynsamlegri hátt en með hefðbundnum byggðakvóta. Það mætti gera með því að veita smábátaútgerðum og útgerðum í minni byggðalögum forkaupsrétt á kvóta upp að ákveðnu marki.

Forkaupsréttur fyrir smábáta væri einfaldur í framkvæmd. Hin nýju lög um stjórn fiskveiða myndu kveða á um að hver sem er mætti taka frá kvóta upp að ákveðnu hámarki sem samsvaraði nokkurn veginn afla smábáts. Verðið sem greitt væri fyrir slíkan kvóta væri ekki fyrirfram ákveðið heldur réðist það af verðinu á uppboðinu. Skilafrestur fyrir slík forkaup væri nokkru fyrir uppboðið svo það lægi fyrir hversu mikið væri eftir til að bjóða upp þegar uppboðið hæfist. Og til þess að koma í veg fyrir misnotkun væri nauðsynlegt að setja einhverjar hömlur á framseljanleika slíkra aflaheimilda.

Ef smábátaútgerðir eru engir eftirbátar stórra útgerðarfyrirtækja hvað hagkvæmni snertir væri eðlilegast að þær væru látnir borga sama verð og þeir borga sem fá kvóta á sjálfu uppboðinu. Ef hins vegar smábátaútgerðir réðu ekki við að greiða eins hátt verð og aðrir fyrir veiðiheimildir væri vel hægt að skilgreina verðið til þeirra á annan hátt, t.d. sem 85% af verðinu á sjálfu uppboðinu.